

| | | | |
|---------------|------------|--|----|
| | I | EES-STOFNANIR | |
| | 1. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| | II | EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 2012/EES/8/01 | | Leiðbeinandi reglur um beitingu 53. gr. EES-samningsins gagnvart sjóflutningum | 1 |
| | 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| | III | EB-STOFNANIR | |
| | 1. | Framkvæmdastjórnin | |
| 2012/EES/8/02 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6491 – Kubota/Kverneland) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð. | 14 |
| 2012/EES/8/03 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6091 – Galenica/Fresenius Medical Care/Vifor Fresenius Medical Care Renal Pharma JV) | 15 |
| 2012/EES/8/04 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6350 – Siemens/NEM Holding) | 15 |
| 2012/EES/8/05 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6403 – Volkswagen/KPI Polska/Skoda Auto Polska/VW Bank Polska/VW Leasing Polska) | 16 |
| 2012/EES/8/06 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6430 – Oaktree/Panrico) | 16 |
| 2012/EES/8/07 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6444 – Terrena/Lyonnaise des Eaux/JV) | 17 |
| 2012/EES/8/08 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6448 – OPTrust/PGGM/Global Vía Infraestructuras/Global Vía Inversiones) | 17 |
| 2012/EES/8/09 | | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6449 – DCC Energy/Swea Energi) | 18 |

| | | |
|----------------------|---|----|
| 2012/EES/8/10 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6450 – EDF/ERSA) | 18 |
| 2012/EES/8/11 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6464 – Sony/Sony Ericsson) | 19 |
| 2012/EES/8/12 | Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer SA.32014 (11/C) (áður 11/NN), SA.32015 (11/C) (áður 11/NN), SA.32016 (11/C) (áður 11/NN) – Ríkisaðstoð við fyrirtæki innan Tirrenia-samsteypunnar fyrirverandi (hugsanleg ríkisaðstoð í formi endurgjalds fyrir almannaþjónustu og hugsanleg aðstoð í tengslum við einkavæðingu) (SA.28172 (CP 103/2009), SA.29989 (CP 393/2009), SA.30107 (CP 414/2009), SA.30206 (CP 3/2010), SA.31645 (CP 234/2010), SA.31715 (CP 248/2010)) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. | 19 |
| 2012/EES/8/13 | Auglýsing eftir tillögum fyrir árið 2012 um óbeinar aðgerðir í tengslum við áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota netið og aðra samskiptatækni (Öruggara net). | 20 |

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

LEIÐBEINANDI REGLUR

2012/EES/8/01

UM BEITINGU 53. GR. EES-SAMNINGSINS GAGNVART SJÓFLUTNINGUM

- A. Tilkynningin, sem hér birtist, er gefin út í samræmi við ákvæði samnings um Evrópska efnahagssvæðið (nefnist hér „EES-samningurinn“) og samnings milli EFTA-rikkanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (er nefnist hér á eftir „framkvæmdastjórnin“) hefur gefið út „Leiðbeinandi reglur um beitingu 81. gr. EB-sáttmálans gagnvart sjóflutningum“⁽¹⁾. Í þeirri gerð, sem er ekki bindandi, kemur fram hvaða sjónarmið framkvæmdastjórnin hefur að leiðarljósi við skilgreiningu á mörkuðum og mat á samstarfssamningum í þeim greinum sjóflutninga sem verða fyrir beinum áhrifum af breytingum sem leiðir af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006, en þær eru flutningar með áætlunarskipum, gestaflutningar og leigusiglingar milli landa⁽²⁾.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að ofangreind gerð varði Evrópska efnahagssvæðið. Tilkynningin, sem hér birtist, er gefin út í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppnisreglum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Byggt er á valdheimildum Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin mun styðjast við sjónarmið og reglur, sem mælt er fyrir um í tilkynningunni, þegar viðeigandi reglum EES-samningsins er beitt í einstökum málum⁽³⁾.
- D. Tilkynning þessi er einkum gefin út í þeim tilgangi að veita leiðsögn um hvernig Eftirlitsstofnun EFTA hyggst beita ákvæðum 53. gr. í tengslum við skilgreiningu markaða og mat á samstarfssamningum á sviði áætlunarsiglinga, gestaflutninga og leigusiglinga milli landa.
- E. Tilkynningin varðar mál sem falla undir lögsögu Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 56. gr. EES-samningsins.

1. Inngangur

1. Í þessum leiðbeinandi reglum kemur fram hvaða sjónarmið Eftirlitsstofnun EFTA hefur að leiðarljósi við skilgreiningu markaða og mat á samstarfssamningum í þeim greinum sjóflutninga sem verða fyrir beinum áhrifum af breytingum sem leiðir af innfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1419/2006 í EES-samninginn, en þær eru áætlunarsiglingar, gestaflutningar og leigusiglingar milli landa⁽⁴⁾.
2. Þessum leiðbeinandi reglum er ætlað að gera fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja, sem veita þjónustu af þessu tagi, og þá fyrst og fremst til og/eða frá höfn eða höfnum á Evrópska efnahagssvæðinu, auðveldara að meta hvort samningar þeirra í milli⁽⁵⁾ eru samrýmanlegar ákvæðum 53. gr. EES-samningsins. Reglurnar gilda ekki gagnvart öðrum atvinnugreinum.
3. Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 var gildissvið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 frá 16. desember 2002 um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 81. og 82. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 245, 26.9.2008, bls. 2–14.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. [nú 81. og 82. gr.] sáttmálans gagnvart flutningum á sjó, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1/2003 að því er varðar rýmkun gildissviðs hennar þannig að hún taki til gestaflutninga og alþjóðlegrar skipaleigu (Stjtið. ESB L 269, 28.9.2006, bls. 1). Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 var felld inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 153/2006 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi), XIV. viðauka (Samkeppni) og bókun 21 (Stjtið. ESB L 89, 29.3.2007, bls. 25, og EES-viðbætur nr. 15, 29.3.2007, bls. 20).

⁽³⁾ Í einstökum málum, sem falla undir ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins, skipta Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin með sér lögsögu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 56. gr. EES-samningsins. Hvert einstakt mál getur aðeins fallið undir lögsögu annarrar þessara tveggja eftirlitsstofnana.

⁽⁴⁾ Um reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 frá 25. september 2006 og innfellingu hennar í EES-samninginn, sjá 2. nmgr.

⁽⁵⁾ Hugtakið „samningur“ er notað um samninga, ákvæðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir.

sáttmálans ⁽⁶⁾ og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 773/2004 frá 7. apríl 2004 um málsmeðferð framkvæmdastjórnarinnar skv. 81. og 82. gr. EB-sáttmálans ⁽⁷⁾ víkkað þannig að þær tækju til gestaflutninga og leigusiglinga milli landa. Með innfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1419/2006 í EES-samninginn urðu því hliðstæðar breytingar á viðkomandi EES-reglum. Afleiðingin er sú að allar greinar sjóflutninga hafa fallið undir almennar reglur um málsmeðferð frá 9. desember 2006.

4. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1419/2006 féll einnig úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/1986 frá 22. desember 1986 um beitingu 85. og 86. gr. [nú 81. og 82. gr.] sáttmálans gagnvart flutningum á sjó ⁽⁸⁾ sem hafði að geyma hópundanþágu fyrir samsiglingakerfi er heimilaði skipafélögum að gera með sér samninga um flutningsgjöld og aðra flutningsskilmála, með vísan til þess að samsiglingakerfið fullnægir ekki lengur skilyrðum 3. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans (nú 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins). Eftir að reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 var felld inn í EES-samninginn nýtur samsiglingakerfið því ekki lengur hópundanþágu frá banninu sem kveðið er á um í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, eða frá 18. október 2008. Frá þeim tíma hefur áætlunarfélögum, sem annast flutninga til og/eda frá einni eða fleiri höfnum á Evrópska efnahagssvæðinu, verið skylt að leggja af hvers kyns samsiglingar sem brjóta í bága við 53. gr. EES-samningsins. Þetta gildir enda þótt stjórnvöld í öðrum ríkjum kunni að heimila, samkvæmt beinum lagaákvæðum eða óbeinni framkvæmd, að flutningsgjöld séu ákveðin á grundvelli samsiglingakerfis eða með rammamningum (en. „discussion agreements“). Þá verða aðilar að slíkum samningum að sjá til þess að hvers kyns samkomulag á grundvelli samsiglingakerfisins sé í samræmi við ákvæði 53. gr. EES-samningsins eftir 18. október 2008.
5. Þessar leiðbeinandi reglur þjóna sem viðbót við leiðsögn á þessu sviði sem finna má í öðrum tilkynningum Eftirlitsstofnunar EFTA. Þar eð sjóflutningar einkennast af umfangsmiklum samstarfssamningum skipafélaga sem eiga í samkeppni skipta hér einkum máli leiðbeinandi reglur um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum ⁽⁹⁾ og leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins ⁽¹⁰⁾.
6. Samstarfssamningar fyrirtækja um sameiginlegan þjónusturekstur á sviði áætlunarsiglinga falla undir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka), í þeirri mynd sem hún var felld inn í EES-samninginn ⁽¹¹⁾. Hinn 26. apríl 2010 vikur reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 fyrir reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 frá 28. september 2009 ⁽¹²⁾. Í þessum reglugerðum, í þeirri mynd sem þær hafa verið felldar inn í EES-samninginn, kemur fram hvaða skilyrði eru sett fyrir því, samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, að bann samkvæmt 1. mgr. 53. gr. samningsins verði ekki talið gilda um samninga milli tveggja eða fleiri skipafélaga (skipafélagasamtaka).
7. Þessar leiðbeinandi reglur eru settar með fyrirvara um hugsanlega túlkun EFTA-dómstólsins og Dómstóls og Almenns dómstóls Evrópusambandsins á 53. gr. EES-samningsins. Meginsjónarmiðum reglnanna verður beitt með hliðsjón af þeim sérstöku aðstæðum sem fyrir hendi eru í hverju máli.
8. Þessum leiðbeinandi reglum verður beitt af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA um fimm ára skeið.

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 (Stjtið. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1) var felld inn í EES-samninginn, XIV. viðauka og bókanir 21 og 23, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2004 frá 24. september 2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 57, og EES-viðbætur nr. 12, 10.3.2005, bls. 42) og II. kafla bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjanna frá 24. september 2004.

⁽⁷⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 773/2004 (Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 18) var felld inn í EES-samninginn, bókanir 21 og 23, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2004 frá 3. desember 2004 (Stjtið. ESB L 133, 26.5.2005, bls. 35, og EES-viðbætur nr. 26, 26.5.2005, bls. 25) og III. kafla bókunar 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls samkvæmt samningi milli EFTA-ríkjanna frá 3. desember 2004.

⁽⁸⁾ Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/1986 (Stjtið. EB L 378, 31.12.1986, bls. 4) var felld inn í XIV. viðauka við EES-samninginn, 11. lið kafla G.

⁽⁹⁾ Leiðbeinandi reglur um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum (Stjtið. EB C 266, 31.10.2002, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 55, 31.10.2002, bls. 1).

⁽¹⁰⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (Stjtið. ESB C 208, 6.9.2007, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 42, 6.9.2007, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 (Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 24) var felld inn í XIV. viðauka við EES-samninginn, lið 11c í kafla G, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2000 (Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 60, og EES-viðbætur nr. 42, 21.9.2000, bls. 3).

⁽¹²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 906/2009 (Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 31), en sú gerð hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn enn sem komið er.

2. Sjóflutningar

2.1. Gildissvið

9. Áætlunarsiglingar, gestaflutningar og leigusiglingar milli landa eru þær greinar sjóflutninga sem verða fyrir beinum áhrifum af breytingum sem leiðir af innfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1419/2006 í EES-samninginn.
10. Áætlunarsiglingar eru fölgjar í reglulegum farmflutningum, fyrst og fremst í gámum, til hafna á tiltekinni siglingaleið. Önnur almenn einkenni á áætlunarsiglingum eru að siglingaáætlanir og brottfarardagar eru auglýst fyrirfram og að þjónustan stendur til boða öllum þeim sem þurfa á flutningi að halda.
11. Í stafl. a) í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86, í þeirri mynd sem hún var felld inn í EES-samninginn, 11. lið kafla G í XIV. viðauka⁽¹³⁾, voru leigusiglingar skilgreindar sem flutningur á vörum í lausri vigt eða í pakkningum í skipi sem leigt er einum eða fleiri farmsendendum í heild eða að hluta til einnar ferðar eða til ákveðins tíma eða með öðrum hætti til siglinga utan fastrar áætlunar og án þess að auglýst sé, og þannig að samið er um flutningstaxta hverju sinni á grundvelli framboðs og eftirspurnar. Hér er aðallega um að ræða flutning utan fastrar áætlunar á einni vörutegund sem fyllir allt skipið⁽¹⁴⁾.
12. Gestaflutningar eru fölgjar í sjóflutningum, meðal annars leigusiglingum og áætlunarsiglingum, milli tveggja eða fleiri hafna í sama EES-ríki⁽¹⁵⁾. Þó að ekki sé tekið sérstaklega á gestaflutningum í þessum leiðbeinandi reglum gilda þær engu að síður um slíka flutninga ef þeir fara fram annaðhvort sem áætlunarsiglingar eða leigusiglingar.

2.2. Áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna

13. Ákvæði 53. gr. EES-samningsins gilda um alla samninga sem geta haft umtalsverð áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Til þess að áhrif á viðskipti geti talist vera fyrir hendi verður að vera unnt að segja fyrir um það með nægilegum líkum, samkvæmt ákveðnum hlutlægum laga- eða málsatvikaviðmiðum, að samningurinn eða háttsemin geti haft áhrif, bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg, á mynstur viðskipta milli EES-ríkjanna⁽¹⁶⁾. Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig hún hyggst beita hugtakinu áhrif á viðskipti, sjá Leiðbeinandi reglur um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins⁽¹⁷⁾.
14. Flutningar á vegum skipafélaga, sem stunda áætlunarsiglingar og leigusiglingar, eru oft alþjóðlegs eðlis í þeim skilningi að siglt er milli hafna í EES-ríkjunum og hafna utan Evrópska efnahagssvæðisins og/eða að um er að ræða útflutning og innflutning milli tveggja eða fleiri EES-ríkja (þ.e. viðskipti milli EES-ríkjanna)⁽¹⁸⁾. Telja má líklegt að þeir hafi í flestum tilvikum áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, m.a. vegna áhrifa sinna á flutninga- og flutningsmiðlunarmarkaði⁽¹⁹⁾.
15. Það skiptir einkum máli hversu mikil áhrif koma fram á viðskipti milli EES-ríkjanna í tengslum við gestaflutninga á sjó, þar eð þau áhrif ráða beitingu 53. gr. EES-samningsins og samverkan hennar við

⁽¹³⁾ Sjá 8. nmgr.

⁽¹⁴⁾ Framkvæmdastjórnin hefur gert grein fyrir tilteknum eiginleikum sérhæfðra sjóflutninga sem greina þá frá áætlunarsiglingum og leigusiglingum. Þar er um að ræða reglulega flutningsþjónustu fyrir sérstaka tegund farms. Hér er venjulega um að ræða þjónusta sem er veitt samkvæmt flutningssamningum og fer fram með sérhæfðum skipum sem eru útbúin eða smíðuð til að geta annast flutninga á sérstakri tegund farms. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/980/EB frá 19. október 1994 í máli IV/34.446 – *Trans-Atlantic Agreement* (Stjtið. EB L 376, 31.12.1994, bls. 1) (nefnd TAA-ákvörðunin hér á eftir), 47.–49. mgr.

⁽¹⁵⁾ Sjá 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3577/92 frá 7. desember 1992 um beitingu meginreglunnar um frjálsa þjónustustarfsemi í flutningum á sjó innan aðildarríkjanna (gestaflutningar á sjó) (Stjtið. ESB L 364, 12.12.1992, bls. 7), sem var felld inn í EES-samninginn sem liður 53a í V. kafla XIII. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/97 (Stjtið. EB L 30, 5.2.1998, bls. 42, og EES-viðbætur nr. 5, 5.2.1998, bls. 175).

⁽¹⁶⁾ Sbr. dóma Evrópudómstólsins í máli 42/84 *Remia BV o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1985, bls. 2545, 22. mgr., og máli 319/82 *Ciments et Bétons de l'Est gegn Kerpen & Kerpen*, dómasafn 1983, bls. 4173, 9. mgr.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB C 291, 30.11.2006, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 59, 30.11.2006, bls. 18.

⁽¹⁸⁾ Þó að flutningarnir eigi sér stað til eða frá höfn utan Evrópska efnahagssvæðisins nægir sú ástæða ekki ein til að útiloka að þeir hafi áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Nauðsynlegt er að fram fari vönduð greining á því hvaða áhrif slíkir flutningar hafa á viðskiptavinum og önnur skipafélög á Evrópska efnahagssvæðinu sem nýta sér þjónustuna, svo að unnt sé að skera úr um hvort hún fellur undir ákvæði EES-réttar. Sbr. leiðbeinandi reglur um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 17. nmgr.

⁽¹⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/82/EBE frá 23. desember 1992 (mál IV/32.448 og IV/32.450 – *CEWAL*) (Stjtið. EB C 34, 10.2.1993, bls. 1), 90. mgr., sem staðfest var með dómi undirréttar EB í sameinuðum málum T-24/93 til T-26/93 og T-28/93 *Compagnie Maritime Belge o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 1996, bls. II-1201, 205. mgr., TAA-ákvörðunin, sjá tilvísun í 14. nmgr., 288.–296. mgr., sem staðfest var með dómi undirréttar EB í máli T-395/94 *Atlantic Container Line o.fl. gegn framkvæmdastjórn* (nefndur TAA-dómurinn hér á eftir), 72.–74. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/243/EB frá 16. september 1998 (mál IV/35.134 – *Trans-Atlantic Conference Agreement*) (nefnd TACA-ákvörðunin hér á eftir) (Stjtið. EB L 95, 9.4.1999, bls. 1), 386.–396. mgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/68/EB frá 14. nóvember 2002 (mál COMP/37.396 – *Endurskoðun á TACA*) (nefnd ákvörðun um endurskoðun TACA hér á eftir) (Stjtið. ESB L 26, 31.1.2003, bls. 53), 73. mgr.

ákvæði samkeppnislaga í viðkomandi landi, í samræmi við 3. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr. EES-samningsins. Meta verður í hverju einstöku tilviki hversu mikil áhrif þjónusta af þessu tagi getur haft á viðskipti milli EES-ríkjanna ⁽²⁰⁾.

2.3. Viðkomandi markaður

16. Til þess að unnt sé að meta samkeppnisáhrif tiltekins samnings með tilliti til ákvæða 53. gr. EES-samningsins er nauðsynlegt að skilgreina viðkomandi vörumarkaði og landsvæði þeirra. Megintilgangurinn með skilgreiningu markaða er að gera kerfisbundna grein fyrir því hversu mikið samkeppnisaðhald tiltekið fyrirtæki hefur. Leiðsögn um þetta atriði er að finna í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽²¹⁾. Sú leiðsögn nýtist einnig við skilgreiningu markaða á sviði sjóflutninga.
17. Viðkomandi vörumarkaður tekur til allrar þeirrar vöru og/eða þjónustu sem telst staðkvæmdarvara frá sjónarhóli neytanda þegar litið er til eiginleika, verðs og tilætlaðra nota. Landsvæði viðkomandi markaðar er svæðið þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í framboði og eftirspurn á vöru eða þjónustu og samkeppnisaðstæður einkennast af nógu litlum breytileika, auk þess sem unnt er að greina það frá nærliggjandi svæðum vegna þess að samkeppnisaðstæður þar eru með talsvert öðrum hætti ⁽²²⁾. Skipafélag (eða skipafélög) geta ekki haft merkjanleg áhrif á ríkjandi markaðsskilyrði ef viðskiptavinir þeirra geta auðveldlega snúið sér til annarra þjónustubirgja ⁽²³⁾.

2.3.1. Áætlunarsiglingar

18. Áætlunarsiglingar gámaskipa hafa verið skilgreindar sem viðkomandi vörumarkaður áætlunarsiglinga í ýmsum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar og dómum Evrópudómstólsins ⁽²⁴⁾. Þessar ákvarðanir og dómar vörðuðu sjóflutningastarfsemi á úthafssiglingaleiðum. Aðrir flutningahættir hafa ekki verið felldir undir sama þjónustumarkað enda þótt þessar tegundir þjónustu kunni í sumum tilvikum, og að takmörkuðu leyti, að vera staðkvæmar. Ástæðan er sú að ekki er unnt að færa nægilega stórt hlutfall gámvöru yfir á aðra flutningahætti, svo sem fraktflug ⁽²⁵⁾.
19. Við vissar aðstæður getur talist rétt að nota þrengri skilgreiningu á viðkomandi markaði og binda hann við tiltekna vörutegund sem flutt er sjóleiðis. Til að mynda mætti takmarka flutning á vörum sem hafa litið geymsluþol við flutning í kæligámum eða láta þann markað einnig ná til flutnings í hefðbundnum kælliskipum. Þótt hugsanlegt sé, í undantekningartilvikum, að um nokkra staðkvæmd sé að ræða milli stórflutninga (flutninga á vörum í pakkningum) og gámaflutninga ⁽²⁶⁾ virðist ekki hafa átt sér stað nein varanleg tilfærsla frá gámaflutningum til flutninga í lausu. Í langflestum tilvikum eru fluttar vörur þess eðlis, og þarfir notenda gámvöru með þeim hætti, að stórflutningar eru ekki raunhæfur kostur við hlið áætlunarsiglinga gámaskipa ⁽²⁷⁾. Eftir að reglulegir gámaflutningar hefjast með tiltekna tegund farms eru litlar líkur til að hann verði nokkru sinni fluttur aftur á annan hátt ⁽²⁸⁾. Áætlunarsiglingar gámaskipa hafa því til þessa fyrst og fremst einkennst af einátta staðkvæmd ⁽²⁹⁾.
20. Landsvæði viðkomandi markaðar er svæðið þar sem þjónustan er markaðsfærð, venjulega nokkrar hafnir á hvorum enda siglingaleiðarinnar sem mynda samfelld hafnasvæði þegar litið er til þjónustusvæða hafnanna og hvernig þau skarast. Að því er varðar þann hluta þjónustunnar, sem fer fram í Evrópu, hefur landsvæði viðkomandi markaðar hingað til verið skilgreint sem hafnasvæði í Norður-Evrópu eða við Miðjarðarhaf. Sökum þess að aðeins er lítilsháttar staðkvæmd milli áætlunarsiglinga frá Miðjarðarhafi annars vegar og frá höfnum í Norður-Evrópu hins vegar hafa þessar siglingar verið skilgreindar sem tveir aðskildir markaðir ⁽³⁰⁾.

⁽²⁰⁾ Um leiðsögn að því er varðar beitingu hugtaksins áhrif á viðskipti sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 17. nmgr.

⁽²¹⁾ Stjótið. EB L 200, 16.7.1998, bls. 48, og EES-viðbætur nr. 28, 16.7.1998, bls. 3.

⁽²²⁾ Sbr. 8. mgr. tilkynningar um skilgreiningu markaða, sjá tilvísun í 21. nmgr.

⁽²³⁾ Sbr. 13. mgr. tilkynningar um skilgreiningu markaða, sjá tilvísun í 21. nmgr.

⁽²⁴⁾ Sbr. TAA-ákvörðunina, sjá tilvísun í 14. nmgr., og 60.–84. mgr. TACA-ákvörðunarinnar, sjá tilvísun í 19. nmgr. Undirréttur EB staðfesti markaðsskilgreiningu TACA-ákvörðunarinnar í dómi sínum á sameinuðum málum T-191/98, T-212/98 til 214/98, *Atlantic Container Line AB o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómásafn 2003, bls. II-3275 (nefndur TAA-dómurinn hér á eftir), 781.–883. mgr.

⁽²⁵⁾ Sbr. 62. mgr. TACA-ákvörðunarinnar, sjá tilvísun í 19. nmgr., og 783.–789. mgr. TACA-dómsins, sjá tilvísun í 24. nmgr.

⁽²⁶⁾ Sbr. 71. mgr. TACA-ákvörðunarinnar, sjá tilvísun í 19. nmgr.

⁽²⁷⁾ Sbr. 273. mgr. TAA-dómsins, sjá tilvísun í 19. nmgr., og 809. mgr. TACA-dómsins, sjá tilvísun í 24. nmgr.

⁽²⁸⁾ Sbr. 281. mgr. TAA-dómsins, sjá tilvísun í 19. nmgr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá júlí 2005 í máli COMP/M.3829 – *Mærsk/PONL* (Stjótið. ESB L 147, 17.6.2005, bls. 18), 13. mgr.

⁽²⁹⁾ Sbr. 62.–75. mgr. TACA-ákvörðunarinnar, sjá tilvísun í 19. nmgr., 795. mgr. TACA-dómsins, sjá tilvísun í 24. nmgr., og 13. og 112.–117. mgr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar í máli *Mærsk/PONL*, sjá tilvísun í 28. nmgr.

⁽³⁰⁾ Sbr. 76.–83. mgr. TACA-ákvörðunarinnar, sjá tilvísun í 19. nmgr., og 39. mgr. ákvörðunarinnar um endurskoðun TACA, sjá tilvísun í 19. nmgr.

2.3.2 Leigusiglingar

21. Eftirlitsstofnun EFTA hefur enn sem komið er ekki beitt ákvæðum 53. gr. EES-samningsins gagnvart starfsemi á sviði leigusiglinga. Fyrirtæki geta í mati sínu tekið mið af eftirtöldum atriðum að því leyti sem þau eiga við þá tegund leigusiglinga sem þau stunda.

Atriði sem líta ber til við ákvörðun viðkomandi vörumarkaðar á grundvelli eftirspurnar (eftirspurnarstaðkvæmd)

22. Vinnuna við að skilgreina viðkomandi þjónustumarkaði á sviði leigusiglinga má hefja með athugun á „helstu skilmálum“ einstakrar flutningsbeiðni, enda er þar yfirleitt að finna atriðin sem mestu skipta ⁽³¹⁾ í flutningsbeiðninni. Skilmálarnir skiptast í umsemjanleg og óumsemjanleg atriði í samræmi við þarfir flutningsþegans. Athugun á umsemjanlegu atriði í helstu skilmálunum, svo sem gerð eða stærð skips, getur til að mynda leitt til þeirrar niðurstöðu að viðkomandi markaður sé stærri að því er þetta atriði varðar en ráða má af upphaflegu flutningsbeiðninni.
23. Þjónusta á sviði leigusiglinga getur verið af ýmsu tagi og margvíslegir flutningssamningar eru tíðkaðir. Þess vegna getur reynst nauðsynlegt að ganga úr skugga um hvort staðkvæmd er milli þjónustunnar frá sjónarmiði notenda hvort sem hún er veitt samkvæmt samningum um tímaleigu, ferðaleigu eða farmflutning. Reynist svo vera getur hugsast að allar þessar tegundir þjónustu falli undir sama viðkomandi markað.
24. Hverri skipsgerð er venjulega skipt í nokkrar staðlaðar stærðir ⁽³²⁾. Vegna þess hvað stærðarhagkvæmni getur verið mikil er hugsanlegt að ekki sé unnt að bjóða samkeppnishæft flutningsverð fyrir tiltekna þjónustu ef miklu munar á rúmmáli farms og stærð skipsins. Því er nauðsynlegt að meta í hverju tilviki hversu mikil staðkvæmd er milli ólíkra skipsstærða til þess að geta skorið úr um hvort telja beri hverja skipsstærð sérstakan viðkomandi markað.

Atriði sem líta ber til við ákvörðun viðkomandi vörumarkaðar á grundvelli framboðs (framboðsstaðkvæmd)

25. Fyrstu vísbendingar um hver viðkomandi markaður er frá sjónarmiði birgja er efnisleg og tæknileg einkenni farmsins sem flytja á og skipsgerðin ⁽³³⁾. Ef unnt er að búa skip til flutnings á tilteknum farmi án verulegs kostnaðar og á stuttum tíma ⁽³⁴⁾ geta mismunandi leigusiglingabirgjar keppt um flutning á þeim farmi. Við þær aðstæður falla fleiri en ein skipsgerð undir viðkomandi markað frá sjónarmiði birgja.
26. Sumar skipsgerðir hafa aftur á móti sérstakan tæknibúnað eða eru smíðaðar á sérstakan hátt til að unnt sé að veita tiltekna sérhæfða flutningsþjónustu. Enda þótt sérhæfð skip geti einnig flutt aðrar tegundir farms getur samkeppnisstaða þeirra verið erfið. Birgjar, sem veita sérhæfða þjónustu, kunna því að standa höllum fæti í samkeppni um flutning á öðrum farmi.
27. Í leigusiglingum er komið við í höfnum í samræmi við eftirspurn hverju sinni. Hreyfingum skipa geta þó verið takmörk sett vegna reglna sem tengjast farmstöðvum og djúpristu eða umhverfisreglna sem gilda um tilteknar skipsgerðir í vissum höfnum eða á vissum landsvæðum.

Önnur sjónarmið sem líta þarf til við ákvörðun á viðkomandi vörumarkaði

28. Í leigusiglingum þarf einnig að huga að því hvort fyrir hendi eru „staðkvæmdarkeðjur“ skipsstærða. Á ýmsum leigusiglingamörkuðum er ekki staðkvæmd milli allra stærstu og allra minnstu skipa á markaðnum. Engu að síður geta keðjuáhrif leitt til staðkvæmdar sem veldur verðþrýstingi á stærstu og minnstu skipin þannig að þau verði felld undir víðari markaðsskilgreiningu.
29. Á sumum leigusiglingamörkuðum verður að huga að því, þegar viðkomandi markaður er ákvarðaður í einstökum málum, hvort tiltekin skip geti talist flutningsrými til eigin nota viðkomandi fyrirtækja og því beri að horfa framhjá þeim í matinu.

⁽³¹⁾ Þegar skip eru tekin á ferðaleigu, svo dæmi sé tekið, eru atriðin, sem mestu skipta í flutningsbeiðni, tegund farms, rúmmál farms, útskipunar- og uppskipunarhöfn, fjöldi legudaga eða afhendingarfrestur og hvaða kröfur eru gerðar um tæknibúnað skipsins.

⁽³²⁾ Í þessari grein virðist lítið svo á að hver skipsstærð sé sérstakur markaður. Ýmis fagrit og Baltic Exchange birta verðvísitölur fyrir hverja staðlaða skipsstærð. Í ráðgjafaskýrslum er markaðnum skipt eftir skipsstærð.

⁽³³⁾ Til dæmis verður fljótandi lausafarmur ekki fluttur á skipum sem gerð eru fyrir þurran lausafarm og frystivara ekki á bilaflutningaskipum. Mörg oliuskip geta flutt bæði mengaðar og ómengaðar jarðolíuafurðir. Hins vegar getur oliuskip ekki flutt ómengaðar afurðir beint í kjölfarið á flutningi á menguðum vörum.

⁽³⁴⁾ Ekki þarf að taka nema einn dag að hreinsa skip fyrir þurran lausafarm, sem flutt hefur kol, þannig að það geti flutt kornvöru, og sú hreinsun gæti farið fram meðan siglt er án farms. Á öðrum leigusiglingamörkuðum kann að þurfa lengri tíma til hreinsunar.

30. Ýmsir aðrir þættir, svo sem hversu traustur þjónustubirgirinn er og ákvæði öryggis- og stjórnsýslureglna, geta haft áhrif á framboðs- og eftirspurnarstaðkvæmd; dæmi um þetta er kvöðin um að aðeins oliuflutningaskip með tvöföldum byrðingi megi sigla um hafsvæði EES-ríkjanna ⁽³⁵⁾.

Landsvæði viðkomandi markaðar

31. Flutningsákvæðin taka venjulega til landfræðilegra þátta á borð við það í hvaða höfnum eða á hvaða landsvæði útskipun og uppskipun á að fara fram. Þær hafnir eru fyrsta vísbending um hvernig draga beri landamerki viðkomandi markaðar með tilliti til eftirspurnarsjónarmiða, með fyrirvara um endanlega skilgreiningu á landamerkjum viðkomandi markaðar.
32. Í sumum tilvikum geta landamerki viðkomandi markaðar ráðist af siglingarátt eða verið tímabundin, til að mynda þegar spurn eftir flutningi á tiltekinni tegund farms tekur árstíðabundnum breytingum í samræmi við veður eða uppskerutíma. Í þessu samhengi verður að hafa hliðsjón af tilfærslu skipa, ferðum sem fara þarf án farms og magnmisræmi milli innflutnings og útflutnings þegar landamerki viðkomandi markaðar eru dregin.

2.4. Markaðshlutdeild reiknuð

33. Markaðshlutdeild gagnast vel sem fyrsta vísbending um uppbyggingu markaðarins og hvaða hlutverki málsaðilar og keppinautar þeirra gegna í samkeppni á þeim markaði. Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin meta markaðshlutdeild með hliðsjón af markaðsaðstæðum í hverju tilviki. Í tengslum við áætlunarsiglingar hafa gögn um rúmmál farms og/eða flutningsrými verið notuð sem grundvöllur útreiknings á markaðshlutdeild í ýmsum ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar og dómum Evrópudómstólsins ⁽³⁶⁾.
34. Á leigusiglingamörkuðum keppa þjónustubirgjar um flutningssamninga, þ.e. þeir selja skipaferðir eða flutningsrými. Útgerðir geta notað ýmis gögn til að reikna markaðshlutdeild sína á ársgrundvelli, eftir því hvaða þjónustu þau bjóða ⁽³⁷⁾, til að mynda:
- ferðafjölda,
 - hlut hvers markaðsaðila í rúmmáli eða verðmæti heildarflutnings á tiltekinni tegund farms (milli hverra tveggja hafna eða hafnasvæða),
 - hlut hvers aðila í markaði fyrir tímaleigusamninga,
 - hlutfallslegt flutningsrými hvers markaðsaðila í viðkomandi flota (flokkað eftir skipsgerð og stærð).

3. Láréttir samstarfssamningar á sviði sjóflutninga

35. Mikið er um samstarfssamninga á sjóflutningamörkuðum. Með vísan til þess að aðilar að slíkum samningum geta verið keppinautar, eða orðið það síðar, og að samningarnir geta haft neikvæð áhrif á ýmsa samkeppnisþætti, verða útgerðir að gæta þess sérstaklega að ákvæði samkeppnisreglna séu virt. Á þjónustumörkuðum á borð við sjóflutninga skipta eftirtalin atriði mestu máli um mat á þeim áhrifum sem samningur getur haft á viðkomandi markaði: verð, kostnaður, gæði, tíðni og sérgreining þjónustubátta, nýsköpun, markaðssetning og sala þjónustunnar.
36. Eftirfarandi þrjú málaflokkar varða sérstaklega þá þjónustu sem þessar leiðbeinandi reglur taka til: tæknisamningar, upplýsingaskipti og samnýtingarsamningar.

3.1. Tæknisamningar

37. Hugsanlegt er að tiltekna tegundir tæknisamninga teljist ekki falla undir bann samkvæmt 53. gr. EES-samningsins sökum þess að þeir hamli ekki samkeppni. Þetta á til að mynda við um lárétta samstarfssamninga sem gerðir eru með það eitt að markmiði og hafa þá einu afleiðingu að koma á tæknilegum umbótum eða samstarfi í tæknilegum efnum. Samningar, sem snúast um að fullnægja umhverfisreglum, geta einnig talist til þessa flokks. Samningar keppinauta um verð, flutningsrými eða aðra samkeppnistengda þætti falla í meginatriðum ekki í þennan flokk ⁽³⁸⁾.

⁽³⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir oliuflutningaskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 (Stjtið. EB L 64, 7.3.2002) var felld inn í EES-samninginn, lið 56m í V. kafla XIII. víðauka, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2002 (Stjtið. ESB L 336, 12.12.2002, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 61, 12.12.2002, bls. 26).

⁽³⁶⁾ Sbr. 85. mgr. TACA-ákvörðunarinnar, sjá tilvísun í 19. nmgr., 85. og 86. mgr. ákvörðunarinnar um endurskoðun TACA, sjá tilvísun í 19. nmgr., og 924., 925. og 927. mgr. TACA-dómsins, sjá tilvísun í 24. nmgr.

⁽³⁷⁾ Með hliðsjón af aðstæðum á viðkomandi leigusiglingamarkaði getur komið til greina að miða við styttri tímabil, t.d. þegar um ræðir markaði þar sem samningar um farnflutning eru gerðir til skemmri tíma en eins árs.

⁽³⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/627/EB frá 16. maí 2000 (mál IV/34.018 – *Far East Trade Tariff Charges and Surcharges Agreement (FETTCSA)*) (Stjtið. EB L 268, 20.10.2000, bls. 1), sjá 153. mgr. Dómur undirréttar EB í máli T-229/94 *Deutsche Bahn AG* gegn framkvæmdastjórn, dómasafn 1997, bls. II-1689, 37. mgr.

3.2. *Upplýsingaskipti keppinauta á sviði áætlunarsiglinga*

38. Upplýsingaskiptakerfi felur í sér tilhögun sem fyrirtæki nota til að miðla upplýsingum sín í milli eða til sameiginlegrar skrifstofu sem tekur að sér söfnun þeirra, samantekt og úrvinnslu áður en þeim er skilað aftur til þátttakenda á því formi og með því millibili sem um hefur samist.
39. Það er viðtekin venja í mörgum atvinnugreinum að láta taka saman tölulegar upplýsingar og almennar markaðsupplýsingar, skiptast á þeim og birta þær. Birting markaðsupplýsinga af þessu tagi er góð aðferð til að auka gagnsæi markaðarins og þekkingu viðskiptavina og getur þannig leitt af sér hagræði. Aftur á móti getur það í vissum tilvikum verið brot á 53. gr. EES-samningsins ef dreift er upplýsingum sem varða viðskiptaleyndarmál eða snúa að einstökum viðskiptasamningum. Þessum leiðbeinandi reglum er ætlað að gera seljendum þjónustu á sviði áætlunarsiglinga auðveldara að meta hvenær brotið er gegn samkeppnisreglum með slíkum upplýsingaskiptum.
40. Skipafélögum, sem stunda áætlunarsiglingar og eiga aðild að samsiglingasamningum sem að öðru jöfnu myndu falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, er heimilt að skiptast á upplýsingum að því marki sem slík upplýsingaskipti tengjast og eru nauðsynleg sameiginlegum rekstri flutningsþjónustu með áætlunarskipum og öðru samstarfi sem fellur undir hópundanþágu samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 823/2000 í þeirri mynd sem hún var felld inn í EES-samninginn ⁽³⁹⁾. Þær leiðbeinandi reglur, sem hér birtast, varða ekki upplýsingaskipti af því tagi.

3.2.1. *Almenn atriði*

41. Þegar kerfi, sem notuð eru til upplýsingaskipta, eru metin með tilliti til samkeppnisákvæða EES-réttar verður að gera greinarmun á mismunandi tegundum slíkra kerfa samkvæmt eftirfarandi.
42. Upplýsingaskiptin geta verið aðferð til þess að auðvelda samkeppnishamlandi háttsemi, svo sem eftirlit með því að ekki sé vikið frá verði sem samráð hefur tekist um; ef upplýsingaskiptin eiga sér rætur í slíkri samkeppnishamlandi háttsemi verður að meta þau í tengslum við mat á henni. Upplýsingaskiptin geta jafnvel sjálf haft það markmið að hamla gegn samkeppni ⁽⁴⁰⁾. Þessar leiðbeinandi reglur varða ekki upplýsingaskipti af því tagi.
43. Á hinn bóginn geta upplýsingaskiptin sem slík falið í sér brot á ákvæðum 53. gr. EES-samningsins vegna þeirra áhrifa sem þau hafa. Sú staða kemur upp þegar upplýsingaskiptin draga úr óvissu um starfsemi viðkomandi markaðar eða eyða henni með öllu, með þeim afleiðingum að samkeppni milli fyrirtækja skerðist ⁽⁴¹⁾. Sérhvert fyrirtæki verður að ákveða sjálfstætt hvaða stefnu það fylgir á markaðnum. Þá hefur Evrópudómstóllinn litið svo á að fyrirtækjum sé af þessum sökum óheimilt að leita beint eða óbeint samvinnu við önnur fyrirtæki í því skyni að hafa áhrif á athafnir keppinautar eða upplýsa um eigin (fyrirhugaðar) athafnir, ef markmið eða afleiðing slíkrar samvinnu er að hamla gegn samkeppni, þ.e. að koma á samkeppnisaðstæðum sem svara ekki til eðlilegra aðstæðna á viðkomandi markaði, að teknu tilliti til eðlis vöru- eða þjónustuframboðs, stærðar og fjölda fyrirtækja og veltu á markaðnum ⁽⁴²⁾. Aftur móti komst Evrópudómstóllinn að þeirri niðurstöðu, að því er varðar markað fyrir viðarmauk, að einhliða verðtílkynningar, sem einstakir framleiðendur sendu notendum ársfjórðungslega, væru sem slíkar markaðsathæfi sem drægi ekki úr óvissu hvers fyrirtækis um athafnir keppinauta þess í framtíðinni og gætu því ekki talist brot á ákvæðum 1. mgr. 81. gr. EB-sáttmálans (nú 1. mgr. 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins) sem slíkar ef framleiðendur hefðu ekki samstillt athafnir sínar fyrirfram ⁽⁴³⁾.
44. Dómafrankvæmd við dómstóla Evrópubandalaganna þjónar sem almennur leiðarvísir við athugun á líklegum áhrifum upplýsingaskipta. Evrópudómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að á markaði þar sem virk samkeppni ríkir sé líklegt að gagnsæi leiði til aukinnar samkeppni milli birgja ⁽⁴⁴⁾. Á fákeppnismarkaði, sem einkennist af mikilli samþjöppun fyrirtækja þar sem þegar hefur verið þrengt að samkeppni, má aftur á móti teljast líklegt að skiptist helstu keppinautar á

⁽³⁹⁾ Reglugerð (EB) nr. 823/2000, sjá 11. mgr., gildir um alþjóðlega flutningsþjónustu með áætlunarskipum til eða frá einni eða fleiri höfnum í EES-rikjunum, þegar um ræðir farmflutninga eingöngu og þá aðallega með gámum – sjá 1. og 2. mgr. og stafl. g) í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar.

⁽⁴⁰⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli C-49/92 P *Framkvæmdastjórn* gegn *Anic Partecipazioni*, dómasafn 1999, bls. I-4125, 121.–126. mgr.

⁽⁴¹⁾ Sbr. dóma Evrópudómstólsins í máli C-7/95 P *John Deere* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 1998, bls. I-3111, 90. mgr., og í máli C-194/99 P *Thyssen Stahl* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 2003, bls. I-10821, 81. mgr.

⁽⁴²⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli C-238/05 *Asnef-Equifax* gegn *Asociación de Usuarios de Servicios Bancarios (Ausbanc)*, dómasafn 2006, bls. I-11125, 52. mgr., og í máli C-49/92 P *Framkvæmdastjórn* gegn *Anic Partecipazioni*, dómasafn 1999, bls. I-4125, sjá 40. mgr., 116. og 117. mgr.

⁽⁴³⁾ Dómur Evrópudómstólsins í málum C-89/85, C-104/85, C-114/85, C-116/85, C-117/85 og C125/85 til C-129/85, *A. Ahlström Osakeyhtiö o.fl.* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 1993, bls. I-1307, 59.–65. mgr.

⁽⁴⁴⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli C-7/95 P *John Deere* gegn *framkvæmdastjórn*, sjá tilvísun í 41. mgr., 88. mgr.

nákvæmum upplýsingum um einstök viðskipti, sem aðrir birgjar eða neytendur fá ekki í hendur, verði það til að grafa verulega undan samkeppni milli birgja. Við slíkar aðstæður leiða regluleg og tíð skipti á upplýsingum um starfsemi á markaðnum til þess að allir keppinautar fá öðru hvoru vitneskju um stöðu og stefnu einstakra keppinauta á markaðnum⁽⁴⁵⁾. Þá hefur Evrópudómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að kerfi upplýsingaskipta geti falið í sér brot á samkeppnisreglum enda þótt viðkomandi markaður einkennist ekki af mikilli samþjöppun, ef svigrúm fyrirtækja til að taka sjálfstæðar ákvarðanir minnkar vegna þrýstings í kjölfar síðari viðræðna við keppinauta⁽⁴⁶⁾.

45. Af þessu leiðir að huga verður að bæði framkomnum og hugsanlegum áhrifum upplýsingaskipta í hverju tilviki fyrir sig, þar sem niðurstaða matsins ræðst af margvíslegum þáttum sem eru breytilegir frá einu máli til annars. Uppbygging markaðarins þar sem upplýsingaskiptin eiga sér stað og eðli sjálfra upplýsingaskiptanna eru tveir helstu þættirnir sem Eftirlitsstofnun EFTA tekur til athugunar við mat á slíkum skiptum. Í matinu verður að horfa til þegar framkominn eða hugsanlegra áhrifa upplýsingaskiptanna og bera þau saman við samkeppnisaðstæðurnar sem verið hefðu fyrir hendi ef enginn samningur um upplýsingaskipti hefði verið gerður⁽⁴⁷⁾. Til þess að upplýsingaskiptin teljist falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins verða þau að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á tiltekna samkeppnisþætti⁽⁴⁸⁾.
46. Leiðbeiningarnar, sem hér fara á eftir, varða fyrst og fremst greiningu á samkeppnishömlum með tilliti til 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Leiðbeiningar um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er að finna í 58. mgr. hér á eftir og í almennu tilkynningunni um það efni⁽⁴⁹⁾.

3.2.2. Uppbygging markaðarins

47. Hversu mikil samþjöppun fyrirtækja er á tilteknum markaði og hvernig framboði og eftirspurn er háttáð eru helstu atriðin sem líta þarf til þegar metið er hvort upplýsingaskipti falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins⁽⁵⁰⁾.
48. Einkum skiptir máli hversu mikil fyrirtækjasamþjöppunin er, því að samkeppnishamlandi áhrif eru líklegri á fákeppnismörkuðum þar sem samþjöppun fyrirtækja er mikil og verða fremur viðvarandi þar en á mörkuðum sem einkennast af minni samþjöppun. Ef gagnsæi eykst á markaði þar sem samþjöppun fyrirtækja er mikil getur það gert fyrirtækin enn háðari hvert öðru og veikt samkeppni.
49. Einnig skiptir miklu hvernig framboði og eftirspurn er háttáð, og þá einkum hversu mörg fyrirtækin eru sem keppa á markaðnum, hversu jöfn og stöðug markaðshlutdeild þeirra er og hvort einhver skipulagsleg tengsl eru milli keppinauta⁽⁵¹⁾. Þá getur Eftirlitsstofnun EFTA látið greininguna ná til annarra þátta, til að mynda þess hversu einsleitt þjónustuframboðið er og hversu mikið gagnsæi er á markaðnum í heild.

3.2.3. Eðli upplýsinganna sem skipst er á

50. Ef keppinautar skiptast á upplýsingum sem varða viðskiptaleyndarmál, til að mynda verð, flutningsrými eða kostnað, er slíkt líklegt til að falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins en þegar um er að ræða annars konar upplýsingar. Mat á því hvort upplýsingar varða viðskiptaleyndarmál skal byggt á viðmiðunum sem lýst er hér á eftir.
51. Þegar upplýsingaskiptin snúa að atriðum sem þegar hafa verið gerð opinber er í meginatriðum ekki um að ræða brot á ákvæðum 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins⁽⁵²⁾. Aftur á móti er mikilvægt að slá því föstu hversu mikið gagnsæi ríkir á markaðnum og hvort upplýsingaskiptin gera viðkomandi upplýsingar aðgengilegri og/eða tengja upplýsingar, sem eru aðgengilegar opinberlega, við aðrar upplýsingar. Upplýsingar, sem þannig verða til, geta varðað viðskiptaleyndarmál og upplýsingaskiptin geta þá hamlað samkeppni.
52. Greint er milli sundurgreindra og samantekinna upplýsinga. Sundurgreind gögn varða tiltekið eða nafngreinanlegt fyrirtæki. Samantekin gögn sameina gögn frá nægilega mörgum sjálfstæðum

⁽⁴⁵⁾ Dómur undirréttar EB í máli T-35/92 *John Deere Ltd* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 1994, bls. II-957, 51. mgr., sem staðfestur var með dómi Evrópudómstólsins í máli C-7/95 P, *John Deere Ltd* gegn *framkvæmdastjórn*, sjá tilvísun í 41. nmgr.

⁽⁴⁶⁾ Dómur undirréttar EB í máli T-141/94 *Thyssen Stahl AG* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 1999, bls. II-347, 402. og 403. mgr.

⁽⁴⁷⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli C-7/95 P *John Deere Ltd* gegn *framkvæmdastjórn*, sjá tilvísun í 41. nmgr., 75.–77. mgr.

⁽⁴⁸⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr., 16. mgr.

⁽⁴⁹⁾ Sbr. leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr.

⁽⁵⁰⁾ Sbr. 25. mgr. leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr.

⁽⁵¹⁾ Ýmis rekstrarleg og/eða skipulagsleg tengsl geta verið milli keppinauta á sviði áætlunarsiglinga, til dæmis aðild að samningum skipafélagasamtaka sem gera skipafélögum kleift að skiptast á upplýsingum í þeim tilgangi að bjóða sameiginlega þjónustu. Taka verður til athugunar í hverju einstöku tilviki hvort tengsl af þessu tagi eru fyrir hendi, þegar metið er hvaða áhrif frekari upplýsingaskipti muni hafa á viðkomandi markaði.

⁽⁵²⁾ Sbr. 1154. mgr. TACA-dómsins, sjá tilvísun í 24. nmgr.

fyrirtækjum til þess að ógerningur sé að lesa úr þeim sundurgreindar upplýsingar. Líklegra er að upplýsingaskipti keppinauta komi til athugunar samkvæmt 1. mgr. 53. mgr. EES-samningsins ef um sundurgreindar upplýsingar er að ræða ⁽⁵³⁾ en þegar um ræðir skipti á samanteknum upplýsingum, sem falla að meginstefnu til ekki undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Athugun Eftirlitsstofnunar EFTA verður einkum beint að því hversu langt samantekt gagnanna nær. Ganga þarf nógu langt í samantektinni til að ógerlegt sé fyrir fyrirtæki að greina gögnin í sundur til þess að lesa úr þeim, beint eða óbeint, upplýsingar um samkeppnisstefnu keppinauta sinna.

53. Þegar um áætlunarsiglingar er að ræða þarf þó að fara gætilega við mat á upplýsingaskiptum sem varða áætlað flutningsrými, enda þótt um samantekin gögn sé að ræða, einkum þegar slík skipti eiga sér stað á mörkuðum með fáum seljendum. Á mörkuðum fyrir áætlunarsiglingar byggja fyrirtæki fyrst og fremst á upplýsingum um flutningsrými þegar þau samræma samkeppnishegðun sína og slíkar upplýsingar hafa bein áhrif á verðlagningu. Þegar upplýsingaskipti varða samanteknar tölur um áætlað flutningsrými, sem sýna á hvaða leiðum slíkt rými verður nýtt, geta slíkar upplýsingar verið samkeppnishamlandi á þann hátt að sum eða öll skipafélögin taki upp sömu markaðsstefnu og verðið, sem tekið er fyrir veitta þjónustu, verði þannig herra en ef eðlileg samkeppni hefði ráðið. Þá er hætta á að gögnin verði greind í sundur með því að bera þau saman við tilkynningar einstakra áætlunarfélaga. Fyrirtæki gætu þannig gert sér grein fyrir markaðsstöðu og markaðsstefnu keppinauta sinna.
54. Aðrir mikilvægir þættir eru aldur gagnanna og tímabilið sem þau taka til. Gögnin geta varðað liðin ár, nýliðið tímabil eða framtíðarþróun. Venjulega er ekki lítið svo á að skipti á upplýsingum sem varða liðin ár falli undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins vegna þess að þær geta ekki haft nein áhrif sem máli skipta á hegðun fyrirtækjanna í framtíðinni. Í þeim málum, sem framkvæmdastjórnin hefur haft til meðferðar hingað til, hefur hún lítið svo á að upplýsingar vörðuðu liðin ár ef þær voru eldri en eins árs ⁽⁵⁴⁾, en upplýsingar, sem voru yngri en eins árs, hafa talist varða nýliðið tímabil ⁽⁵⁵⁾. Gæta þarf nokkurs sveigjanleika við mat á því hvort upplýsingar teljast varða liðin ár eða nýliðið tímabil, að teknu tilliti til þess hversu hratt gögn verða úrelt á viðkomandi markaði. Telja má líklegt að fyrir komi að því að tiltekin gögn teljist varða „liðin ár“ ef þau eru samantekin en ef þau eru sundurgreind. Á sama hátt er ólíklegt að skipti á gögnum um rúmmál farms og flutningsrými á nýliðnu tímabili hamli samkeppni ef gengið hefur verið nógu langt við samantekt gagnanna til að ógerlegt sé að sundurgreina þau til þess að lesa úr þeim, beint eða óbeint, upplýsingar um viðskipti einstakra farmsendenda eða skipafélaga. Gögn um framtíðarþróun lúta að áliti fyrirtækis á því hvernig markaðsþróun muni verða háttáð eða stefnunnar sem það hyggst fylgja á þeim markaði. Hugsanleg vandkvæði tengjast fyrst og fremst skiptum á slíkum upplýsingum um framtíðarþróun, einkum að því er varðar verð eða umfang tiltekinnar starfsemi. Upplýsingaskiptin geta þá leitt í ljós hvaða viðskiptastefnu fyrirtæki hyggst fylgja á markaðnum. Þau geta á þann hátt dregið verulega úr samkeppni þeirra sem skiptast á upplýsingunum og eru því hugsanlega samkeppnishamlandi.
55. Einnig þarf að huga að því hversu tíð upplýsingaskiptin eru. Því oftar sem skipst er á upplýsingum þeim mun skjótar geta keppinautar brugðist við. Það gerir þeim auðveldara um vik að beita gagnráðstöfunum og dregur á endanum úr þeim hvata sem þeir hafa til að stunda samkeppnisrekstur á markaðnum. Þetta getur haldið aftur af svokallaðri leyndri samkeppni.
56. Við mat á því hvaða áhrif gögnin geta haft á markaðnum/mörkuðunum ber jafnframt að líta til þess hvernig þau eru afhent. Því meiri aðgang sem viðskiptavinir hafa að upplýsingunum, þeim mun minni líkur eru á að þær valdi vandkvæðum. Ef aukin innsýn í markaðinn gagnast hins vegar seljendum einum getur það komið í veg fyrir að viðskiptavinir þeirra njóti góðs af aukinni „leyndri samkeppni“.
57. Verðvísitölur eru notaðar á sviði áætlunarsiglinga til að sýna hvaða breytingar hafa orðið að meðaltali á verði fyrir flutning einnar gámaeiningar. Ef verðvísitalan er byggð á nægilega mikilli samantekt gagna er ólíklegt að hún brjóti gegn ákvæðum 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, þ.e. ef sú samantekt gengur nógu langt til að ógerlegt sé að greina gögnin í sundur þannig að fyrirtæki geti lesið úr þeim, beint eða óbeint, upplýsingar um samkeppnisstefnu keppinauta sinna. Ef verðvísitalan dregur úr óvissu um starfsemi á markaðnum eða eyðir henni með öllu, með þeim afleiðingum að samkeppni

⁽⁵³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 78/252/EBE frá 23. desember 1977 í máli IV/29.176 – *Vegetable Parchment* (Stjtið. EB L 70, 13.3.1978, bls. 54).

⁽⁵⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/157 frá 17. febrúar 1992 í máli IV/31.370 – *UK Agricultural Tractor Registration Exchange* (Stjtið. EB L 68, 13.3.1992, bls. 19), 50. mgr.

⁽⁵⁵⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/4/KSE frá 26. nóvember 1997 í máli IV/36.069 – *Wirtschaftsvereinigung Stahl* (Stjtið. EB L 1, 3.1.1998, bls. 10), 17. mgr.

milli fyrirtækja skerðist, er um að ræða brot á ákvæðum 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Við mat á því hvaða áhrif slík verðvísitala muni hafa á tilteknum markaði ber að líta til þess hversu langt samantekt gagnanna nær og hvort þau varða liðin ár eða nýliðið tímabil, og hversu oft vísitalan er birt. Almennt skiptir miklu að meta í einu lagi alla mismunandi þætti hvers upplýsingaskiptakerfis til þess að unnt sé að taka tillit til hugsanlegrar vixlverkunar, svo sem milli upplýsingaskipta er varða flutningsrými og rúmmál farms annars vegar og verðvísitölu hins vegar.

58. Þótt upplýsingaskipti skipafélaga séu samkeppnishamlandi getur þeim engu að síður fylgt aukið hagræði, til að mynda á þann hátt að auðveldara verði að skipuleggja fjárfestingar og nýting flutningsrýmis aukist. Sýna verður fram á með fullnægjandi hætti að slíkt hagræði hafi náðst fram og viðskiptavinir hafi notið þess, og þann árangur ber að veita á móti samkeppnishamlandi áhrifum upplýsingaskiptanna með vísan til 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Hér er mikilvægt að hafa í huga að í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er meðal annars sett það skilyrði að veita skuli neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem hlýst af viðkomandi samkeppnishamlandi samningi. Ef öllum þeim ófrávikjanlegu skilyrðum, sem sett eru í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, er fullnægt gildir ekki bannið sem sett er í 1. mgr. 53. gr. samningsins⁽⁵⁶⁾.

3.2.4. Atvinnugreinasamtök

59. Í áætlunarsiglingum, rétt eins og öðrum greinum, geta viðræður og upplýsingaskipti farið fram fyrir tilstuðlan atvinnugreinasamtaka, að því tilskildu að þau samtök séu ekki notuð a) sem vettvangur verðsamráðs⁽⁵⁷⁾, b) til formlegrar útgáfu samkeppnishamlandi ákvarðana eða tilmæla sem beint er til aðildarfélaga⁽⁵⁸⁾ eða c) til upplýsingaskipta sem draga úr óvissu um starfsemi á markaðnum eða eyða henni með öllu, með þeim afleiðingum að samkeppni milli fyrirtækja skerðist, án þess að skilyrðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins sé fullnægt⁽⁵⁹⁾. Gera þarf greinarmun á þessu og lögmatum viðræðum sem fram fara á vettvangi atvinnugreinasamtaka um atriði á borð við tæknistaðla og umhverfisreglur.

3.3. Samnýtingarsamningar á sviði leigusiglinga

60. Samnýtingarsamningar eru algengasta form fyrirtækjasamstarfs á sviði leigusiglinga. Slíkir samningar eru ekki allir með sama sniði. Nokkur atriði virðast þó vera sameiginleg flestum samnýtingarsamningum þótt þeir varði mismunandi markaðskima, sjá hér á eftir.
61. Dæmigerður samnýtingarsamningur tekur venjulega til nokkurs fjölda skipa af svipaðri gerð⁽⁶⁰⁾ sem eru í eigu mismunandi fyrirtækja en í umsjá sameiginlegrar rekstrardeildar. Yfir skipaflotann er venjulega settur stjórnandi sem annast rekstrarstjórn (svo sem sameiginlegt markaðsstarf⁽⁶¹⁾), gerð samninga um flutningsgjöld og miðstýringu tekna og útgerðarkostnaðar⁽⁶²⁾ og daglegan rekstur (skipulag skipaferða og siglingafyrirmæli, ráðningu umboðsmanna í höfnum, upplýsingagjöf til viðskiptavina, útgáfu reikninga fyrir flutninga, eldsneytisþantanir, innheimtu flutningsgjalda og dreifingu þeirra samkvæmt fyrirframákveðnu hlutdeildarkerfi o.s.frv.). Rekstrarstjórinn starfar oft undir yfirumsjón almennrar framkvæmdanefndar sem er fulltrúi skipafélaganna. Eigendur annast að jafnaði sjálfir tæknileg atriði í rekstri skipanna (öryggismál, ráðningu áhafna, viðgerðir, viðhald o.s.frv.). Enda þótt aðilar að samnýtingarsamningum markaðssetji þjónustu sína sameiginlega sinna þeir henni oft hver í sínu lagi.
62. Af þessari lýsingu má sjá að helsta einkenni dæmigerðs samnýtingarsamnings er að aðilar að honum sameinast um sölustarf, auk þess sem sumir framleiðsluþættir eru sameiginlegir. Hér koma því til athugunar leiðbeiningar um bæði sameiginlegt sölustarf, sem eitt afbrigði samnings um sameiginlega markaðssetningu, og sameiginlega framleiðslusamninga, sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum⁽⁶³⁾. Sökum þess hversu mismunandi sameiginlegir skipaflotar geta verið verður greining á þeim að miðast við hvert

⁽⁵⁶⁾ Sbr. leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr.

⁽⁵⁷⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/421/EB frá 16. desember 2003 í máli COMP/38.240 – *Industrial tubes* (Stjtið. ESB L 125, 28.4.2004, bls. 50).

⁽⁵⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 82/896/EBE frá 15. desember 1982 í máli IV/29.883 – *AROW/BNIC* (Stjtið. EB L 379, 31.12.1982, bls. 1), Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/438/EB frá 5. júní 1996 í máli IV/34.983 – *Fenex* (Stjtið. EB L 181, 20.7.1996, bls. 28).

⁽⁵⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/157/EBE, *UK Agricultural Tractor Registration Exchange*, sjá tilvísun í 54. nmgr.

⁽⁶⁰⁾ Sú staðreynd þýðir að skipaflotann má nýta til að laða að samninga um umfangsmikla farmflutninga, sameina mismunandi farmflutningssamninga og fækka skipaferðum, sem fara þarf án farms, með vandaðri siglingaáætlun.

⁽⁶¹⁾ Til að mynda eru skip í flotanum markaðssett sem ein rekstrareining sem býður tiltekna flutningsþjónustu óháð því hvaða skip er notað til hverrar ferðar.

⁽⁶²⁾ Til að mynda sér sameiginlega rekstrardeildin um að innheimta tekjur skipaflotans og skipta þeim milli aðildarfyrirtækjanna á grundvelli flókins hlutdeildarkerfis.

⁽⁶³⁾ Annars vegar 5. undirkaflí og hins vegar 3. undirkaflí reglnanna, sjá tilvísun í 9. nmgr.

tilvik um sig til þess að ákvarða megi, með vísan til þess hver þungamiðja samstarfsins er ⁽⁶⁴⁾, hvort það fellur undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og, ef svo er, hvort það fullnægir öllum skilyrðunum fjórum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 53. gr. samningsins.

63. Þegar um ræðir samnýtingarsamninga, sem falla undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽⁶⁵⁾ vegna þess að þeir miðast við skipulag sameiginlegs fyrirtækis sem gegnir öllum hlutverkum sjálfstæðrar efnahagseiningar með varanlegum hætti (svokölluð sameiginleg fyrirtæki með fullri starfsemi, sbr. 4. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004) koma breytingar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1419/2006 ekki beint til álita og er því ekki fjallað um slíka samninga í þessum leiðbeinandi reglum. Leiðbeiningar um fyrirtæki með fullri starfsemi er m.a. að finna í samsteyptri auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um lögsögumörk með tilliti til reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ⁽⁶⁶⁾. Þar eð slíkir samnýtingarsamningar hafa það að markmiði að samhæfa samkeppnishegðun móðurfélaganna, eða hafa áhrif á slíka samhæfingu, skal mat á þeirri samhæfingu fara fram í samræmi við skilyrði 1. og 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins með það í huga að ganga úr skugga um hvort starfrækslan er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ⁽⁶⁷⁾.

3.3.1. Samnýtingarsamningar sem falla ekki undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

64. Samnýtingarsamningar falla ekki undir bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef aðilar samningsins eru ekki, og geta ekki orðið, keppinautar. Þannig getur staðið á, svo dæmi sé tekið, þegar tvö eða fleiri skipafélög setja á stofn samnýttan flota í þeim tilgangi að gera tilboð í vöruflytninga og sinna slíkum flytningum samkvæmt samningi sem þau myndu ekki geta gert sem sjálfstæðir þjónustuburgjar eða ógerningur væri fyrir þau að sinna ein. Engu breytir um þessa niðurstöðu þótt skipaflotar af þessu tagi flytji stöku sinnum annan farm sem er aðeins lítill hluti heildarrúmmálsins.
65. Samnýtingarsamningar, sem hafa ekki áhrif á viðkomandi samkeppnisþætti vegna þess að þeir eru tiltölulega lítilvægir og/eða hafa ekki umtalsverð áhrif á viðskipti milli EES-ríkja ⁽⁶⁸⁾, falla ekki undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Samnýtingarsamningur getur þó ekki fallið undir gildissvið auglýsingar Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttarsamninga ef hann tekur til verðákvæðandi þátta, t.d. sameiginlegs sölustarfs.

3.3.2. Samnýtingarsamningar sem falla venjulega undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

66. Samnýtingarsamningar keppinauta, sem taka einvörðungu til sameiginlegs sölustarfs, hafa venjulega það markmið og þær afleiðingar að samhæfa verðstefnu hlutaðeigandi keppinauta ⁽⁶⁹⁾.

3.3.3. Samnýtingarsamningar sem kunna að falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

67. Ef markmið samnýtingarsamnings er ekki að draga úr samkeppni er nauðsynlegt að greina hver áhrif hans eru á viðkomandi markaði. Samningur fellur undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ef líkur benda til að hann muni hafa umtalsverð neikvæð áhrif á tiltekna samkeppnisþætti á markaðnum, til að mynda verð, kostnaðarliði, sérgreiningu þjónustuþátta, gæði þjónustunnar og nýsköpun. Samningar geta haft þessi áhrif með því að draga verulega úr samkeppnisþrýstingi milli samningsaðilanna eða milli þeirra og annarra markaðsaðila ⁽⁷⁰⁾.
68. Sumir samnýtingarsamningar á sviði leigusiglinga taka ekki til sameiginlegs sölustarfs en fela þó í sér samhæfingu samkeppnisþátta að nokkru leyti (t.d. þannig að notast sé við sameiginlega siglingaáætlun eða sameiginleg innkaup). Slík tilvik falla ekki undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins nema aðilar samningsins búi yfir markaðsráðandi styrk að einhverju leyti ⁽⁷¹⁾.
69. Það fer eftir efnahagsumhverfinu hvort samnýtingarsamningurinn getur haft veruleg neikvæð markaðsáhrif, og skiptir þar máli samanlagður markaðsstyrkur samningsaðilanna og hvers eðlis samningurinn er, auk annarra þátta er varða uppbyggingu viðkomandi markaðar. Jafnframt verður

⁽⁶⁴⁾ Sbr. leiðbeinandi reglur um lárétta samstarfssamninga, sjá tilvísun í 9. nmgr., 12. mgr.

⁽⁶⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) (Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1), sem var felld inn í EES-samninginn sem 1. liður XIV. viðauka samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 (Stjtið. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 13, og EES-viðbætur nr. 32, 19.6.2004, bls. 1).

⁽⁶⁶⁾ Stjtið. ESB C 95, 16.4.2008, bls. 1).

⁽⁶⁷⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 sjá tilvísun í 65. nmgr., 4. mgr. 2. gr.

⁽⁶⁸⁾ Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttarsamninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins (Stjtið. ESB C 67, 20.3.2003, bls. 20, og EES-viðbætur nr. 15, 20.3.2003, bls. 11) og leiðbeinandi reglur um hugtakið áhrif á viðskipti, sjá tilvísun í 17. nmgr.

⁽⁶⁹⁾ Leiðbeinandi reglur um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart lárétum samstarfssamningum, sjá tilvísun í 41. nmgr., 5. undirkafl. Vinna sjálfstæðra skipamiðlara í tengslum við að ferðbúa skip, fellur ekki í þennan flokk.

⁽⁷⁰⁾ Leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr.

⁽⁷¹⁾ Leiðbeinandi reglur um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart lárétum samstarfssamningum, sjá tilvísun í 9. nmgr., 149. mgr.

að líta til þess hvort samnýtingarsamningurinn hefur áhrif á hegðun samningsaðila á nærliggjandi mörkuðum sem eru nátengdir markaðnum sem verður fyrir beinum áhrifum af samstarfinu ⁽⁷²⁾. Þannig getur til að mynda staðið á þegar samningurinn varðar markað fyrir flutning á skógarafurðum í sérhæfðum kassalaga skipum (markaður A) og aðilar samningsins gera einnig út skip á markaði fyrir þurran lausafarm (markaður B).

70. Um þætti, sem varða uppbyggingu viðkomandi markaðar, er það að segja að hafi aðilar að samnýtingarsamningi litla markaðshlutdeild er ólíklegt að samningurinn leiði til samkeppnishömlunar. Samþjöppun á markaði, markaðsstaða og fjöldi keppinauta, stöðugleiki markaðshlutdeildar milli ára, hversu mikið er um aðild að fleiri en einum samnýtingarsamningi, hindranir í vegi nýrra markaðsaðila og líkur á að nýr markaðsaðili hefji starfsemi, gagnsæi á markaði, mótvægiskaupmáttur notenda flutningsþjónustu og eðli þjónustunnar (til að mynda hvort þjónustubættir eru einsleitir eða sérgreindir) eru atriði sem taka þarf tillit til að auki við mat á áhrifum tiltekins samnýtingarsamnings á viðkomandi markaði.
71. Að því er varðar eðli samningsins þarf að skoða hvort hann hefur að geyma ákvæði sem hafa áhrif á samkeppnishegðun samnýtta skipaflotans eða aðila samningsins á markaðnum, til að mynda ákvæði sem banna samningsaðilunum að stunda rekstur á sama markaði utan þátttöku þeirra í samnýtingu skipaflotans (ákvæði um samkeppnisbann), ákvæði um lágmarks lengd aðildartímabils og uppsagnarfrest (útgönguákvæði) og upplýsingaskipti sem varða viðskiptaleyndarmál. Jafnframt ber að huga að tengslum milli samnýttara skipaflota, hvort sem slík tengsl varða rekstur flotanna eða aðildarfyrirtæki þeirra, svo og skiptingu útgjalda og tekna.

3.3.4. Gilda ákvæði 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins?

72. Þegar samnýtingarsamningar falla undir ákvæði 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins verða hlutaðeigandi fyrirtæki að sjá til þess að þau fullnægi öllum þeim fjórum skilyrðum sem sett eru í 3. mgr. 53. gr. samningsins ⁽⁷³⁾. Í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er ekki kveðið á um að tilteknar tegundir samninga skuli undanþegnar ákvæðum hennar fyrirfram. Það er grundvallaratriði að undanþáguákvæðið gildir um alla samkeppnishamlandi samninga sem fullnægja skilyrðunum fjórum í 3. mgr. 53. gr. Greining á þessu miðast við stigvaxandi áhrif. Því meiri samkeppnishömlur sem teljast vera fyrir hendi samkvæmt 1. mgr. 53. gr., þeim mun meira verður hagræðið af samningnum að vera, svo og sá ávinningur af því sem gengur áfram til neytenda.
73. Hlutaðeigandi fyrirtæki verða að færa sönnur á að samnýtingarsamningurinn leiði til bættrar flutningsþjónustu eða stuðli að tæknilegum eða efnahagslegum framförum sem leiði af sér hagræði. Það hagræði má ekki vera sparnaður sem tengist beint minni samkeppni, heldur verður það að vera afleiðing af samþættingu fyrirtækjanna á atvinnustarfsemi sinni.
74. Hagræði af samnýtingarsamningum getur til dæmis verið afleiðing af betri nýtingu og stærðarhagkvæmni. Samnýtingarsamningar á sviði leigusiglinga fela oftast í sér að ferðir skipanna eru skipulagðar sameiginlega til þess að dreifa flotanum á siglingasvæðið. Með slíkri dreifingu má draga úr siglingum án farms, en þannig má auka heildarnýtingu flutningsrýmis flotans og ná að lokum fram stærðarhagkvæmni.
75. Neytendur verða að njóta sanngjarnrar hlutdeildar í hagræðinu sem af samningunum hlýst. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins ber í þessu samhengi að líta til ávinnings allra neytenda á viðkomandi markaði, en ekki áhrifa á einstaka neytendur ⁽⁷⁴⁾. Sá ávinningur, sem gengur til neytenda, verður að minnsta kosti að bæta þeim framkomin eða hugsanleg neikvæð áhrif sem þeir verða fyrir vegna samkeppnishamla sem teljast vera fyrir hendi með vísan til 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins ⁽⁷⁵⁾. Við mat á því hversu líklegt er að ávinningur gangi til neytenda ber í þessu samhengi einnig að hafa hliðsjón af uppbyggingu leigusiglingamarkaða og sveigjanleika eftirspurnar.
76. Samnýtingarsamningur má ekki fela í sér samkeppnishömlur nema þær séu óhjákvæmilegar til að ná fram tilteknu hagræði. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að rannsaka hvort aðilar samningsins hefðu getað náð því hagræði fram hver í sínu lagi. Við mat á þessu atriði er rétt að huga að því, meðal annars, hversu mikil umsvif fyrirtækis þurfa að vera að lágmarki til þess að það geti veitt mismunandi þjónustu á sviði leigusiglinga á arðbæran hátt. Þá verða fullnægjandi rök að standa til þess að

⁽⁷²⁾ Leiðbeinandi reglur um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum, sjá tilvísun í 9. nmgr., 142. mgr.

⁽⁷³⁾ Sbr. leiðbeinandi reglur um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr.

⁽⁷⁴⁾ Sbr. dóm Evrópudómstólsins í máli C-238/05, *Asnef-Equifax* gegn *Ausbanc*, sjá tilvísun í 42. nmgr., 70. mgr.

⁽⁷⁵⁾ Sbr. 24. mgr. leiðbeinandi reglna um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sjá tilvísun í 10. nmgr.

sérhvert samkeppnishamlandi ákvæði í samnýtingarsamningi sé nauðsynlegt til að ná fram yfirlýstu hagræði. Réttmætar ástæður geta verið fyrir því að viðhalda samkeppnishamlandi ákvæðum til lengri tíma eða allan gildistíma samnýtingarsamningsins, eða aðeins í tiltekinn aðlögunartíma.

77. Loks má samnýtingarsamningurinn ekki gefa aðilum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegt hlutfall þjónustunnar sem um ræðir.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2012/EES/8/02

(mál COMP/M.6491 – Kubota/Kverneland)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. janúar 2012 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Kubota Corporation („Kubota“) öðlast með yfirtökutilboði að fullu óbein yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í norska fyrirtækinu Kverneland ASA („Kverneland“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Kubota: þróun, framleiðsla og dreifing á vélbúnaði til landbúnaðar og iðnaðar, vatns- og umhverfiskerfum, svo og félagslegum grunnvirkjum
 - Kverneland: þróun, framleiðsla og dreifing á dráttarvéla- og festingabúnaði fyrir landbúnað
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 33, 7. febrúar 2012). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6491 – Kubota/Kverneland, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/8/03**
(mál COMP/M.6091 – Galenica/Fresenius Medical Care/Vifor Fresenius Medical Care Renal Pharma JV)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 5. október 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6091. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja **2012/EES/8/04**
(mál COMP/M.6350 – Siemens/NEM Holding)

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 28. október 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflíð b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6350. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/05****(mál COMP/M.6403 – Volkswagen/KPI Polska/Skoda Auto Polska/VW Bank Polska/VW Leasing Polska)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 19. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6403. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/06****(mál COMP/M.6430 – Oaktree/Panrico)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 19. desember 2011 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32011M6430. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/07****(mál COMP/M.6444 – Terrena/LyonnaisedesEaux/JV)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. janúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á frönsku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6444. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/08****(mál COMP/M.6448 – OPTrust/PGGM/Global Vía Infraestructuras/Global Vía Inversiones)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 24. janúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6448. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/09****(mál COMP/M.6449 – DCC Energy/Swea Energi)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 27. janúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6449. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/10****(mál COMP/M.6450 – EDF/ERSA)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 31. janúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6450. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja**2012/EES/8/11****(mál COMP/M.6464 – Sony/Sony Ericsson)**

Framkvæmdastjórnin ákvað hinn 26. janúar 2012 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við staflið b) í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>), undir skjalnúmeri 32012M6464. EUR-Lex er beinlínuaðgangur að löggjöf Evrópusambandsins.

RÍKISAÐSTOÐ – ÍTALÍA**2012/EES/8/12**

Málsnúmer SA.32014 (11/C) (áður 11/NN), SA.32015 (11/C) (áður 11/NN), SA.32016 (11/C) (áður 11/NN)

Ríkisaðstoð við fyrirtæki innan Tirrenia-samsteypunnar fyrrverandi (hugsanleg ríkisaðstoð í formi endurgjalds fyrir almannaþjónustu og hugsanleg aðstoð í tengslum við einkavæðingu)

(SA.28172 (CP 103/2009), SA.29989 (CP 393/2009), SA.30107 (CP 414/2009), SA.30206 (CP 3/2010), SA.31645 (CP 234/2010), SA.31715 (CP 248/2010))

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Ítalíu, með bréfi dagsettu 5. október 2011, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágrip þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB (C 28, 1.2.2012, bls. 28). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Auglýsing eftir tillögum fyrir árið 2012 um óbeinar aðgerðir í tengslum við áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota netið og aðra samskiptatækni (Öruggara net) 2012/EES/8/13

Í samræmi við ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1351/2008/EB frá 16. desember 2008 um áætlun Bandalagsins til margra ára um verndun barna sem nota netið og aðra samskiptatækni (Öruggara net), auglýsir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins eftir tillögum um aðgerðir sem fjármagna mætti samkvæmt áætluninni.

Undir öruggara net falla fjórar tegundir starfsemi:

- a) Stuðlað að almennri þekkingu.
- b) Unnið gegn ólöglegu efni og tekist á við skaðlega hegðun á netinu.
- c) Stuðlað að öruggara umhverfi á netinu.
- d) Settur á stofn þekkingargrunnur.

Áætlunin tekur við af áætluninni Öruggara net plús (2005–2008).

Um nánari upplýsingar um þessa áætlun vísast til *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*, C 27, 1.2.2012, bls. 27.

Upplýsingar, ásamt starfsáætluninni og öðrum upplýsingum sem varða þessa auglýsingu, er unnt að fá hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins á neðangreindu pósthfangi:

European Commission
Directorate-General for the Information Society and Media
Safer Internet
Office EUFO 1174
Rue Alcide de Gasperi
2920 Luxembourg
LUXEMBOURG

Bréfasími: +352 4301-34079

Netfang: saferinternet@ec.europa.eu

Vefsetur: <http://ec.europa.eu/saferinternet>

Lokafrestur til að skila inn umsóknum: **29. mars 2012 kl. 17.**